



## Halli á viðskiptum við útlönd á öðrum ársfjórðungi

Á öðrum ársfjórðungi mældist 31,1 ma.kr. halli af viðskiptum við útlönd. Þetta er nokkuð lakari niðurstaða en á sama ársfjórðungi árið áður og þeim næsta á undan. Erlend staða þjóðarbúsins batnaði hins vegar nokkuð á ársfjórðungnum og hefur aldrei verið hagstæðari.

Á öðrum ársfjórðungi mældist 31,1 ma.kr. halli af viðskiptum við útlönd. Niðurstaðan skiptist þannig:

- Vöruskiptajöfnuður neikvæður um 55,7 ma.kr.
- Þjónustujöfnuður jákvæður um 25,2 ma.kr.
- Frumþáttatekjur jákvæðar um 7,1 ma.kr.
- Rekstrarframlög neikvæð um 7,6 ma.kr.

Þetta er 24,8 ma.kr. verri niðurstaða en á sama ársfjórðungi árið áður og 8,3 ma. kr. verri niðurstaða en á næsta fjórðungi á undan. Í báðum tilfellum skýrist munurinn fyrst og fremst af mun meiri vöruinnflutningi, en á móti koma auknar tekjur af erlendum ferðamönnum. Sjá nánar í [Hagsjá um vöru- og þjónustujöfnuð á öðrum ársfjórðungi](#).

### Minni afgangur af frumþáttatekjum


Eins og áður kom fram var 7,1 ma.kr. afgangur af þáttatekjujöfnuði, en til þáttatekna teljast fjármagnstekjur og gjöld, svo sem vaxtagreiðslur, arðgreiðslur og slíkt. Fara þarf aftur til 3. ársfjórðungs 2018 til að sjá minni afgang, en þessi tala hefur legið á bilinu 10 til 20 ma.kr. síðan.

Afgangurinn skiptist þannig:

- Tap innlendra dótturfélaga í eigu erlendra aðila var 4,8 ma.kr.
- Hagnaður erlendra dótturfélaga í eigu innlendra aðila var 6,8 ma.kr.
- Vaxtagreiðslur af verðbréfum og annarri fjárfestingu til erlendra aðila voru 5,2 ma.kr.


Tap innlendra dótturfélaga kemur til hækkunar á frumþáttatekjum. Þetta er fyrst og fremst bókfært tap eða útreikningar á því tapi. Þessi liður dróst verulega saman milli fjórðunga. Hér er aðallega um að ræða bætta afkomu álfyrirtækjanna, en

### Viðskiptajöfnuður



Heimild: Seðlabanki Íslands

### Frumþáttatekjur



Heimild: Seðlabanki Íslands




heimsmarkaðsverð á áli á 2. ársfjórðungi var að meðaltali 58% hærra en á sama tímabil 2020.

### Bætt erlend staða þjóðarbúsins.

Samkvæmt mati Seðlabankans voru erlendar eignir þjóðarbúsins 4.566 ma.kr. í lok ársfjórðungsins og erlendar skuldir 3.445 ma.kr. Hrein staða við útlönd var því jákvæð um 1.120 ma.kr. (37% af VLF) og batnaði um 79 ma.kr. (2,3% af VLF) á fjórðungnum.


Bætt erlend stað á ársfjórðungnum skýrist fyrst og fremst af gengis- og verðbreytingum, en virði erlenda eigna jókst um 78 ma.kr. vegna þess. Mun minni breyting var á erlendum skuldum vegna gengis og verðbreytinga, en þær lækkuðu um 2 ma.kr. vegna þeirra. Erlendar eignir jukust um 15 ma.kr. vegna fjármagnsviðskipta meðan erlendar skuldir lækkuðu um 2 ma.kr.

Að hrein erlend staða skuli hafa batnað vegna verðbreytinga þarf ekki að koma á óvart ef við skoðum samsetningu erlendra eigna og skulda þjóðarbúsins. Hlutabréf og hlutdeildarskírteini vega þungt í erlendum eignum. Skuldaskjöl, sem eru aðallega skuldabréf sem ríkissjóður, viðskiptabankarnir og fyrirtæki með tekjur í erlendum gjaldmiðlum gefa út til að fjármagna starfsemi sína, vega þyngra í erlendum skuldum. Lágir alþjóðlegir vextir og almennar hækkanir á hlutabréfamörkuðum úti í heimi ættu því, að öðru jöfnu, að skila sér í bættri erlendri stöðu miðað við þessa samsetningu.



Heimild: Seðlabanki Íslands

### Samsetning erlendra skulda og eigna



Hlutdeildarskírteini talin með hlutabréfum  
Heimild: Seðlabanki Íslands

Innihald og form skjals þessa er unnið af starfsmönnum Hagfræðideildar Landsbankans hf. (hagfraedideild@landsbankinn.is) og byggist á aðgengilegum opinberum upplýsingum á þeim tíma sem greiningin var unnin. Mat á þeim upplýsingum endurspeglar skoðanir starfsmanna Hagfræðideildar Landsbankans á þeim degi þegar greiningin er dagsett, en þær geta breyst án fyrirvara.

Landsbankinn hf. og starfsfólk hans taka ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram, enda eru þær ekki veittar sem persónuleg ráðgjöf fyrir einstök viðskipti.

Bent skal á að Landsbankinn hf. getur á hverjum tíma haft beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta, ýmist sjálfur, dótturfélög hans eða fyrir hönd viðskiptamanna, s.s. sem fjárfestir, lánardrottinn eða þjónustuaðili. Greiningar eru engu að síður unnar sjálfstætt af Hagfræðideild Landsbankans og innan Landsbankans eru í gildi reglur um aðskilnað starfssviða sem eru aðgengilegar á vef bankans.